

Gauti Jóhannesson  
Sveitarstjóri Djúpavogshrepps

Djúpavogsskóli  
Signý Óskarsdóttir  
Skólastjóri

Djúpivogur 02.09.2019

**Efni: Ósk um fjárveitingu vegna tölvukaupa í Djúpavogsskóla**

Haustið 2019 var tölvustofa Djúpavogsskóla lögð niður vegna þarfar á kennslurýmum fyrir bekkjarkennslu.

Tölvukostur í tölvustofu var löngu kominn til ára sinna en engu að síður eru vélarnar sem þar voru inni nýttar í bekkjarkennslustofur. Brugðið var á það ráð að tengja þær netinu með þráðlausum nethnetum og því ekki ástæða til að leggja snúrur til að tengja vélarnar eins og var í tölvustofunni.

Skólanum ber að þjálfa nemendur í tölvu- og upplýsingatækni og til þess að uppfylla þá skyldu þarf skólinn að kaupa fartölvur. Fartölvur gera það kleift að hægt er að kenna tölvu- og upplýsingatækni inni í bekkjarstofum með því að flytja tölvurnar á milli rýma eins og hentar.

Það að vera með fartölvur einfaldar líka aðra vinnu nemenda í skólanum því hægt verður að nýta fartölvurnar inni í þverfaglega vinnu og teymiskennslu eins og þarf hverju sinni.

**Djúpavogsskóli óskar eftir fjárveitingu að upphæð 2.500.000 kr.**

- Fyrir þá upphæð getur skólinn keypt 17 nemendafartölvur og eina fartölvu fyrir skólastjóra sem nú nýtir eigin tölvu.
- Einnig mun skólinn fjárfesta í 3 ípöðum til viðbótar við þá sem eru til nú þegar.
- Að sinni þarf ekki að fjárfesta í fartölvuvagni.

Nú þegar er tölvuskorturinn farinn að hafa áhrif á skólastarfið og því brýnt að skólinn geti pantað vélarnar sem fyrst.

Virðingarfyllt,  
Signý Óskarsdóttir  
Skólastjóri Djúpavogsskóla

---